

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 703/2009 um stórgreiðslukerfi Seðlabanka Íslands.

1. gr.

15. gr. reglnanna breytist og orðast svo ásamt fyrirsögn:

Hæf verðbréf til tryggingar fyrir heimildum.

Eftirfarandi verðbréf gefin út í íslenskum krónum og innlán eru hæf til tryggingar fyrir heimildum í stórgreiðslukerfi:

1. Verðbréf gefin út af Ríkissjóði Íslands.
2. Íbúðabréf gefin út af Íbúðalánasjóði.
3. Innstæðubréf gefin út af Seðlabanka Íslands.
4. Bundin innlán þátttakenda í Seðlabanka Íslands.
5. Sértryggð skuldabréf, sem uppfylla skilyrði 11. gr. reglna nr. 553/2009 um viðskipti fjármála-fyrirtækja við Seðlabanka Íslands. Trygging með verðbréfum samkvæmt þessum lið getur samtals verið að hámarki 50% af heildartryggingu sérhvers þátttakanda í stórgreiðslukerfinu.

2. gr.

16. gr. reglnanna breytist og orðast svo ásamt fyrirsögn:

Skilyrði fyrir tryggingarhæfi verðbréfa.

Verðbréf sett til tryggingar skulu uppfylla eftirfarandi skilyrði:

1. Útgefið markaðsvirði flokks í íslenskum krónum sé yfir 3 ma.kr. og staðfest að það magn hafi selst, að undanskildum sértryggðum skuldabréfum, sbr. 5. tölulið 15. gr.
2. Verðbréfin hafi viðskiptavaka á skipulegum verðbréfamarkaði eða viðurkenndum upplýsingaveitum sem Seðlabankinn samþykkir.
3. Verðbréfin skulu vera rafrænt skráð í verðbréfamiðstöð sem Seðlabankinn viðurkennir.

3. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 38. gr., sbr. 4. gr. laga nr. 36/2001, um Seðlabanka Íslands og öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 2. júlí 2019.

Seðlabanki Íslands,

Már Guðmundsson
seðlabankastjóri.

Guðmundur Kr. Tómasson
framkvæmdastjóri.